



Kristófer Tómasson  
Sveitarstjóri  
Útboð – v/Fossár  
Skeiða- og Gnúpverjahreppur  
Árnes 801 Selfoss

Þjósárdal, 12. nóvember 2018

Kæri Kristófer,

Hjálagt eru eftirtalin gögn tengd **þremur** tilboðum í veiðirétt í Fossá, sbr. auglýsing frá 6. nóvember síðastliðnum:

- 1) Þrjú tilboð frá Fish Partner ehf. (tilboð A-C) í veiðirétt í Fossá;
- 2) Kynning á starfsemi Fish Partner;
- 3) Kynningarbæklingar Fish Partner frá undanförunum árum; og
- 4) Teikningar af Þóristungum, veiðihúsi Fish Partner.

Virðingarfyllst,  
fyrir hönd Fish Partner ehf.

---

Gunnar Örn Petersen

# TILBOÐ A-C

í veiðirétt í Fossá í Þjórsárdal

Fish Partner ehf., kt. 590913-0570, Dalvegi 16b, 201 Kópavogi (hér eftir „**tilboðsgjafi**“), gerir Skeiða- og Gnúpverjahreppi (hér eftir „**tilboðshafi**“) hér með eftirfarandi **þrjú** tilboð í veiðirétt í Fossá í Þjórsárdal.

## 1. Inngangur

- 1.1. Tilboðsgjafi er veiðileyfasali með ferðaskrifstofuleyfi sem býður innlendum og erlendum veiðimönnum upp á fjölbreytta kosti í veiði, allt frá veiðileyfum í hálfan dag upp í margra daga veiðitúra með heildarþjónustu.
- 1.2. Í allri starfsemi sinni hefur tilboðsgjafi það að leiðarljósi að ganga óaðfinnanlega um íslenska náttúru og stuðla að verndun hennar og fiskistofna hennar. Þannig er í langflestum tilvikum skylt að sleppa öllum fiski á veiðisvæðum tilboðsgjafa. Tilboðsgjafi leggur mikið upp úr góðu samstarfi við heimamenn og landeigendur.
- 1.3. Tilboðsgjafi hefur mikinn áhuga á að byggja upp veiði í Fossá og gera hana þannig að eftirsótttri veiðiá, hlúa að náttúrulegum stofnum árinna og kanna möguleikann á aukinni laxagengd með því að flytja laxapör og/eða grafa hrogn á efri svæðum árinna. Stofnandi tilboðsgjafa, Kristján Páll Rafnsson, hefur sérstakan áhuga á veiðisögu Fossár en hann hefur veitt þar með afa sínum frá unga aldri. Hefur tilboðsgjafi sérstakan áhuga á að auka urriðaveiði í efri hluta árinna í þeirri mynd sem hún var eftir að Þorsteinn Arnalds byggði hana upp á árum áður. Allar slíkar framkvæmdir yrðu í samstarfi við fiskifræðinga.
- 1.4. Allt ofangreint er með það að markmiði að vernda náttúruna, stofna árinna og auka arðsemi hennar, tilboðsgjafa og tilboðshafa til heilla.

## 2. Tilboð A (eingöngu veiðiréttur)

- 2.1. Tilboð tilboðsgjafa í allan veiðirétt í Fossá er eftirfarandi:

**2019**

Leigugreiðsla: 2.130.000 kr.

**2020**

Leigugreiðsla: 2.130.000 kr.

**2021**

Leigugreiðsla: 2.130.000 kr.

**2022**

Leigugreiðsla: 2.130.000 kr.

Samtals vegna árána 2019-2022

**Leigugreiðsla: 8.520.000 kr.**

- 2.2. Leigugreiðslur skulu taka hækkunum í samræmi við þróun vísitölu neysluerðs til verðtryggingar miðað við grunnvísitölu í nóvember 2018 (vísitala 455,7). Miða skal hækkun hvers árs við vísitölu þess mánaðar er gjalddagi samkvæmt leigusamningi ber upp.



- 2.3. Leigutími skal vera fjögur ár samkvæmt auglýsingu.
- 2.4. Leiga greidd í síðasta lagi 1. ágúst árið 2019 og 1. júní árin 2020, 2021, 2022, nema um annað sé samið.

### 3. Tilboð B (veiðiréttur og seiðasleppingar)

- 3.1. Tilboð tilboðsgjafa í allan veiðirétt í Fossá er eftirfarandi:

#### 2019

Leigugreiðsla í peningum: 1.820.000 kr.

Framlag í seiðum: 0 kr.

**Samtals: 1.820.000 kr.**

#### 2020

Leigugreiðsla í peningum: 1.820.000 kr.

Framlag í seiðum: 1.600.000 kr.

**Samtals: 3.420.000 kr.**

#### 2021

Leigugreiðsla í peningum: 1.820.000 kr.

Framlag í seiðum: 1.600.000 kr.

**Samtals: 3.420.000 kr.**

#### 2022

Leigugreiðsla í peningum: 1.820.000 kr.

Framlag í seiðum: 1.600.000 kr.

**Samtals: 3.420.000 kr.**

Samtals vegna árána 2019-2022

Leigugreiðsla í peningum: 7.280.000 kr.

Framlag í seiðum: 4.800.000 kr.

**Samtals: 12.080.000 kr.**

- 3.2. Tilboðsgjafi hefur komið sér upp fullkominni seiðaeldisstöð og mun þar rækta urriðaseiði sem fengin verða úr fiski í Fossá af Veiðivatnastofni. Tilboðsgjafi skuldbindur sig til að sleppa 20.000 urriðaseiðum í Fossá ofan Hjálparfoss á hverju ári á árunum 2020-2022. Í þessu tilboði er hvert seiði metið á 80 kr., þ.e.  $80 \times 20.000 = 1.600.000$  kr. Verkefnið verður unnið í samvinnu við Hafrannsóknarstofnun.
- 3.3. Samkvæmt rannsóknum Hafrannsóknarstofnunar eru uppeldisskilyrði fyrir seiði mjög góð í Fossá og er áin því kjörvatn fyrir urriðarækt. Notast verður við urriða úr ánni sem er hreinræktaður Veiðivatnaurriði. Aukin urriðaveiði á efri svæðum mun lengja veiðitímabilið til muna og auka verðgildi árinna til lengri tíma.
- 3.4. Leigugreiðslur skulu taka hækkunum í samræmi við þróun vísitölu neysliverðs til verðtryggingar miðað við grunnvísitölu í nóvember 2018 (vísitala 455,7). Miða skal hækkun hvers árs við vísitölu þess mánaðar er gjalddagi samkvæmt leigusamningi ber upp.
- 3.5. Leigutími skal vera fjögur ár samkvæmt auglýsingu.
- 3.6. Leiga greidd í síðasta lagi 1. ágúst árið 2019 og 1. júní árin 2020, 2021, 2022, nema um annað sé samið.



#### 4. Tilboð C (frávikstilboð – sjö ár og seiðasleppingar)

4.1. Tilboð tilboðsgjafa í allan veiðirétt í Fossá er eftirfarandi:

##### 2019

Leigugreiðsla í peningum: 2.130.000 kr.

Framlag í seiðum: 0 kr.

**Samtals: 2.130.000 kr.**

##### 2020

Leigugreiðsla í peningum: 2.130.000 kr.

Framlag í seiðum: 1.600.000 kr.

**Samtals: 3.730.000 kr.**

##### 2021

Leigugreiðsla í peningum: 2.130.000 kr.

Framlag í seiðum: 1.600.000 kr.

**Samtals: 3.730.000 kr.**

##### 2022

Leigugreiðsla í peningum: 2.130.000 kr.

Framlag í seiðum: 1.600.000 kr.

**Samtals: 3.730.000 kr.**

##### 2023

Leigugreiðsla í peningum: 2.130.000 kr.

Framlag í seiðum: 1.600.000 kr.

**Samtals: 3.730.000 kr.**

##### 2024

Leigugreiðsla í peningum: 2.130.000 kr.

Framlag í seiðum: 1.600.000 kr.

**Samtals: 3.730.000 kr.**

##### 2025

Leigugreiðsla í peningum: 2.130.000 kr.

Framlag í seiðum: 1.600.000 kr.

**Samtals: 3.730.000 kr.**

|  |
|--|
| Samtals vegna áráanna 2019-2025<br>Leigugreiðsla í peningum: 14.910.000 kr.<br>Framlag í seiðum: 9.600.000 kr.<br><b>Samtals: 24.510.000 kr.</b> |
|--|

4.2. Tilboðsgjafi hefur komið sér upp fullkominni seiðaeldisstöð og mun þar rækta urriðaseiði sem fengin verða úr fiski í Fossá af Veiðivatnastofni. Tilboðsgjafi skuldbindur sig til að sleppa 20.000 urriðaseiðum í Fossá ofan Hjálparfoss á hverju ári á árunum 2020-2022. Í þessu tilboði er hvert seiði metið á 80 kr., þ.e.  $80 \times 20.000 = 1.600.000$  kr. Verkefnið verður unnið í samvinnu við Hafrannsóknarstofnun.

4.3. Samkvæmt rannsóknum Hafrannsóknarstofnunar eru uppeldisskilyrði fyrir seiði mjög góð í Fossá og er áin því kjörvatn fyrir urriðarækt. Notast verður við urriða úr ánni sem er hreinræktaður Veiðivatnaurriði. Aukin urriðaveiði á efri svæðum mun lengja veiðitímabilið til muna og auka verðgildi árinna til lengri tíma.



- 4.4. Leigugreiðslur skulu taka hækkunum í samræmi við þróun vísitölu neysluverðs til verðtryggingar miðað við grunnvísitölu í nóvember 2018 (vísitala 455,7). Miða skal hækkun hvers árs við vísitölu þess mánaðar er gjalddagi samkvæmt leigusamningi ber upp.
- 4.5. Leigutími skal vera **sjö** ár.
- 4.6. Skilyrði tilboðsgjafa með tilboði þessu er að tilboðsgjafi hafi forleigurétt að samningi loknum.
- 4.7. Leiga greidd í síðasta lagi 1. ágúst árið 2019 og 1. júní síðari ár samnings, nema um annað sé samið.

## **5. Viðbótarupplýsingar og framlag með öllum tilboðum**

- 5.1. Yfirlýsingar og/eða viðbótarskuldbindingar tilboðsgjafa sem fylgja öllum tilboðum A-C:
  - 5.1.1. Tilboðsgjafi er með mikla starfsemi í nágrenni Þjórsárdals. Hann leigir veiðirétt í Köldukvísl, Tungnaá og Sandá og leigir og rekur veiðihús í Þóristungum (25 mín. akstur). Veiðihúsið verður opnað sumarið 2019 og verður þá nýuppgert og verður veiðimönnum veitt full þjónusta. Veiðihúsið mun standa veiðimönnum í Fossá til boða.
  - 5.1.2. Tilboðsgjafi mun einnig hafa áhuga á að koma upp einföldu stöðuhúsi í nágrenni árinna til að skapa aðstöðu fyrir veiðimenn í dagsferðum (kaffi, veiðibók og salerni). Slíkt eykur verðgildi og stuðlar að betri skráningu afla.
  - 5.1.3. Tilboðsgjafi er einnig í samstarfi við félag í 50% eigu Bláa Lónsins sem mun á næstu árum byggja upp öfluga ferðapjónustu í Hólaskógi og Reykholti í Þjórsárdal. Tilboðsgjafi hefur í höndunum yfirlýsingu um stuðning og samstarf vegna leigu á Fossá frá Magnúsi Orra Schram, fyrirsvarsmanni félagsins. Mun umrætt félag því taka á sig skuldbindingar vegna þessa tilboðs og verða samningsaðil með tilboðsgjafa.
  - 5.1.4. Tilboðsgjafi mun, á eigin kostnað, flytja laxapör og/eða grafa laxahrogn á efri svæðum Fossár frá og með haustinu 2019, með það að markmiði að auka laxagengd í ána. Slíkt mun verða gert í samstarfi við fiskifræðinga hjá Hafrannsóknarstofnun. Tilboðsgjafi er nú þegar í góðu samstarfi við Benóný Jónsson hjá Hafrannsóknarstofnun sem hefur aðsetur á Selfossi.
  - 5.1.5. Mikil viðvera tilboðsgjafa á svæðinu mun skila góðri veiðivörslu.
  - 5.1.6. Tilboðsgjafi hefur unnið mikið markaðsstarf héraðs og erlendis á undanförunum árum og hefur þannig sterk tengsl við stóran hóp viðskiptavina sem tilbúnir eru að borga vel fyrir veiðileyfi. Þá rekur tilboðsgjafi öflugan vefverslun með veiðileyfi sem hefur styrkst verulega á undanförunum árum. Öll þessi tæki mun tilboðsgjafi nýta til markaðssetningar á Fossá.
  - 5.1.7. Tilboðsgjafi leggur mikið upp úr rétttri og nákvæmri skráningu á afla. Með því telur tilboðsgjafi að hagsmunum veiðiréttarhafa, leigutaka og veiðimanns sé best borgið.

## **6. Tryggingar**

- 6.1. Tilboðsgjafi er tilbúinn að veita sjálfskuldarábyrgð til tryggingar á leigugreiðslum.

## 7. Tengiliður

7.1. Tengiliður tilboðsgjafa vegna tilboðs þessa er:

Gunnar Örn Petersen  
Netfang: [gunnar@fishpartner.com](mailto:gunnar@fishpartner.com)  
Sími: 665-8865

## 8. Annað

8.1. Tilboð þetta gildir í tvo mánuði frá opnun þess.

Þjórsárdal, 12. nóvember 2018,

F.h. Fish Partner ehf.,



---

Gunnar Örn Petersen